


The logo for SORPA, featuring the word "SORPA" in a bold, white, sans-serif font. The letter "O" is stylized with a circular graphic element inside it. The background of the entire image is a photograph of two workers in an industrial recycling facility. They are wearing orange and blue safety gear, including helmets and earmuffs, and are standing next to a large pile of compressed paper waste. The facility has blue metal structures and machinery visible in the background.

SORPA

ÁRSSKÝRSLA 2014

© SORPA bs.
Gylfaflöt 5
112 Reykjavík
Sími: 520 2200
Bréfsími: 520 2209
www.sorpa.is

Umsjón og ritstjórn: Karen Hulda Kristjánsdóttir
Ljósmyndir: Binni, myndir úr safni SORPU og Shutterstock
Upplýsingahönnun og grafísk vinnsla: Gyða S. Björnsdóttir
Ársskýrsla SORPU er prentuð á endurunninn pappír.

Svansprent með umhverfisvottun 



EFNISYFIRLIT

Inngangur	3
Hlutverk og meginmarkmið	7
Grænt bókhald	15
Starfsstöðvar	25
Samfélagsleg ábyrgð	35
Ársreikningur	41
Viðaukar	57
<i>Magntölur</i>	58
<i>Efnamælingar í Álfsnesi</i>	66
<i>Gjaldskrá</i>	67
<i>Ársfundur SORPU bs.</i>	70

VOTTUN HF.



ÍST ISO 14001





INNGANGUR



Björn H. Halldórsson
Framkvæmdastjóri


Íbúar eiga hrós skilið

Árangur í endurvinnslu pappírs og pappa hefur aukist verulega með tilkomu s.k. blátunnu hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Magn pappírs hefur aukist nánast stöðugt frá því fyrstu bláu tunnunar voru kynntar til sögunnar á höfuðborgarsvæðinu. Frá árinu 2009 hefur magn blátunnuefnis aukist úr 4,6 kg/íbúa í 33,4 kg/íbúa. Frá árinu 2011 hefur heildarmagn blátunnuefnis sem safnast frá grenndargámum, endurvinnslustöðvum og blátunnu aukist úr 26,4 kg/íbúa í 47,3 kg/íbúa. Á fjórum árum hefur því endurvinnsla á pappír og pappa frá heimilum aukist um nálega helming. Íbúar höfuðborgarsvæðisins eiga mikið hrós skilið fyrir þessa frammistöðu.

Í nýjustu húsasorpsrannsókn SORPU, þar sem könnuð er samsetning almenns úrgangs, kemur í ljós að pappír í orkutunnu íbúa er tæplega 10% samanborið við um 25% fyrir örfáum árum. Þetta hlutfall er ennþá of hátt og því enn verk að vinna en engu að síður merki um góðan árangur. Svo virðist sem skilaboð um flokkun á sléttum pappír og fernum hafi ekki alveg náð eyrum íbúa og má bæta árangur í þeim flokkum. Sveitarfélögin þurfa einnig að skoða tíðni söfnunar og hvort auka megi endurvinnslu með aukinni hirðutíðni á bláu tunnunni.

Lágmörkun úrgangs

Blátunnuvæðing sveitarfélaganna hefur leitt af sér meira en bara endurvinnslu á pappír og pappa. Tilkoma blátunnunnar, hefur gróft séð, minnkað þörf íbúa höfuðborgarsvæðisins fyrir plastpoka um á að giska 4 – 6 milljónir eintaka á ári þar sem engir plastpokar fara í blátunnuna, allur pappír er laus. Þetta er verulegur árangur í að minnka magn úrgangs en einnig í að minnka plast í umferð. Önnur aðferð við að draga úr plastpokanotkun er að nota margnota innkaupapoka í stað einnota – þannig er markvisst dregið úr notkun plasts og um leið úr úrgangsmýndun.



Mynd 1. Frábær árangur íbúa höfuðborgarsvæðisins endurspeglast í samdrætti í úrgangsmagni og aukinni endurvinnslu á pappír og pappa.

Tölur miðast við íbúafjölda 1. desember ár hvert samkvæmt Hagstofu Íslands.

Aukin endurvinnsla

SORPA hefur látið gera viðhorfskannanir á hverju ári þar sem m.a. er spurt um viðhorf til úrgangs og endurvinnslu. Nýjasta könnunin styður þær tölur sem koma úr húsasorpsrannsókninni – að endurvinnsla á öllum þeim flokkum úrgangs sem SORPA tekur við hafi aukist milli ára. Þessi niðurstaða sýnir fram á að árangur í endurvinnslu úrgangs næst best með einföldum skilaboðum og einföldum aðferðum. Endurvinnsla úrgangs frá heimilum og þátttaka almennings er forsenda þess að málaflokkurinn verði sjálfbær – umhverfinu og samfélaginu öllu til ábata. Sá árangur sem náðst hefur undanfarin ár er íbúum höfuðborgarsvæðisins til sóma og sýnir svo ekki verður um villst að íbúar bera hag umhverfisins fyrir brjósti.

Jafnlaunavottun 2014

Á árinu náði SORPA þeim merka áfanga að hljóta jafnlaunavottun VR. Þetta er mikill áfangi þar sem staðfest var að SORPA hefur unnið í anda jafnlaunastefnu enda engin rök sem mæla með því að út frá kynferði ákvarðist endurgjald launþega fyrir veitta vinnu. Við úttekt kom í ljós að ekki þurfti að breyta neinu hjá SORPU til að vottunin fengist – var það sérstaklega ánægjulegt.

95% endurvinnsla í framtíðinni

Næsta stóra verkefni SORPU er bygging gas- og jarðgerðarstöðvar sem kemur til með að breyta allri endurvinnslu heimilisúrgangs hér á höfuðborgarsvæðinu til mikilla muna. Í dag er endurvinnsla og endurnýting heimilisúrgangs á höfuðborgarsvæðinu með því besta, ef ekki það besta, sem gerist á landinu eða samtals um 72% þegar allt er talið. Þó árangurinn sé góður má alltaf gera betur. Með byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar, þar sem framleitt verður metan til ökutækjanota og vottaður jarðvegsbætir sem nýta má til uppgræðslu, og með framleiðslu á s.k. brenni sem nýta má t.d. á köldum svæðum, er stefnt að því að endurvinnsla og endurnýting heimilisúrgangs á höfuðborgarsvæðinu verði yfir 95%. Þetta er markmið sem fyllilega er hægt að ná. Væri þá markmiðum sem sett hafa verið fram um urðun á lífrænum og brennanlegum heimilisúrgangi náð. Til að þessu verði náð á sem hagkvæmasta hátt þarf hins vegar regluverk í kringum lífrænan úrgang og nýtingu á efnum eins og jarðvegsbæti að breytast. Eins og regluverkið er nú skrifað og túlkað, er allt eins víst að jarðvegsbætir, framleiddur úr lífrænum heimilisúrgangi yrði ekki til annars nýtur en til urðunar. Væri þá verr af stað farið en heima setið. Því er það skýlaus krafa að þær stofnanir sem um málið fjalla þ.e.a.s. Matvælastofnun og Umhverfisstofnun gæti hófs í túlkunum á laga- og reglugerðarákvæðum.

Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri





HLUTVERK OG MEGINMARKMIÐ

Hlutverk SORPU bs. er að annast meðhöndlun úrgangs fyrir öll sveitarfélögin sem aðild eiga að SORPU, svo sem að starfrækja urðunarstað og móttökustöð, byggja og reka endurvinnslustöðvar, þróa nýjar aðferðir til þess að vinna verðmæti úr úrgangsefnum, eyðingu hættulegra úrgangsefna, framleiða og selja eldsneyti og orku úr úrgangi, fylgjast með tæknipróun á sviði úrgangseyðingar og endurvinnslu, gerð svæðisáætlunar sbr. lagakröfu hverju sinni og kynna gildi umhverfissjónarmiða í meðhöndlun úrgangs.

SORPA sér ekki um sorphirðu, hvorki hjá almenningi né fyrirtækjum. Fyrirkomulag sorphirðu er ákveðið í hverju sveitarfélagi fyrir sig en samkvæmt stofnsamningi hefur SORPA frumkvæði og tillögurétt að samræmingu og hagræðingu.

Deildarstjórar



Bjarni Gnýr Hjarðar

Yfirverkfræðingur þróunar- og tæknideildar og urðunarstaðar



Jón Ólafur Vilhjálmsson

Stöðvarstjóri móttökustöðvar í Gufunesi
Formaður verslunarstjórnar Góða hirðisins



Ragna I. Halldórsdóttir

Deildarstjóri umhverfis- og fræðsludeildar
Gæðastjóri



Guðmundur Tryggvi Ólafsson


Rekstrarstjóri endurvinnslustöðva SORPU



Sigríður Björg Einarsdóttir

Skrifstofustjóri

Skipurit



Stjórn SORPU bs. 2014



Bjarni Torfi Álfþórsson
formaður



Halldór Auðar Svansson
varaformaður



Guðmundur Geirdal



Rósa Guðbjartsdóttir



Jóna Sæmundsdóttir



Hafsteinn Pálsson

Stjórn SORPU frá 1.1. 2014 – 2.7.2014

Sveitarfélag

Reykjavík
Kópavogur
Hafnarfjörður
Garðabær
Mosfellsbær
Seltjarnarnes

Aðalmenn

Karl Sigurðsson
Ómar Stefánsson
Margrét Gauja Magnúsdóttir, formaður
Páll Hilmarsson
Hafsteinn Pálsson
Bjarni Torfi Álfþórsson, varaformaður

Varamenn

Einar Örn Benediktsson
Aðalsteinn Jónsson
Guðrún Ágústa Guðmundsd.
Áslaug Hulda Jónsdóttir
Bryndís Haraldsdóttir
Guðmundur Magnússon

Stjórn SORPU frá 3.7. 2014 – 31.12. 2014

Sveitarfélag

Reykjavík
Kópavogur
Hafnarfjörður
Garðabær
Mosfellsbær
Seltjarnarnes

Aðalmenn

Halldór Auðar Svansson, varaformaður
Guðmundur Geirdal
Rósa Guðbjartsdóttir
Jóna Sæmundsdóttir
Hafsteinn Pálsson
Bjarni Torfi Álfþórsson, formaður

Varamenn

Sóley Tómasdóttir
Karen E. Halldórsdóttir
Guðlaug Kristjánsdóttir
Sigurður Guðmundsson
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir
Sigrún Edda Jónsdóttir

Stjórn SORPU bs.

Aðalstjórn byggðasamlagsins skipa 6 fulltrúar, einn frá hverju aðildarsveitarfélagi og skal hann vera aðalmaður í sveitarstjórn eða framkvæmdastjóri sveitarfélags. Sömu skilyrði gilda um varamenn sem hver sveitarstjórn tilnefnir. Kjörtímabil stjórnarinnar eru tvö ár í senn frá upphafi kjörtímabils sveitarstjórna. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og skal formennska skiptast á milli aðildarfélaganna.

Stjórnarmenn fara með hlutfallslegt atkvæðavægi í samræmi við íbúafjölda þess sveitarfélags sem þeir eru fulltrúar fyrir. Atkvæðavægi endurskoðast í byrjun hvers árs miðað við íbúatölu aðildarsveitarfélags hinn 1. desember árið á undan.

Hlutverk stjórnar er að hafa stöðugt og ítarlegt eftirlit með öllum rekstri byggðasamlagsins, sjá um að lögum og reglugerðum sem starfsemin heyrir undir sé fylgt og sjá um að gerðar séu áætlanir um rekstur félagsins til lengri eða skemmri tíma. Stjórnin gætir þess að nægilegt eftirlit sé með bókhaldi og fjármunameðferð og ákveður gjaldskrá fyrir þjónustu byggðasamlagsins.

Kjörtímabil stjórnar er tvö ár og hófst nýtt tímabil í júní 2014 eftir sveitarstjórnarkosningar. Í upptalningu á síðunni á undan má sjá skipan stjórnar árið 2014.

Góður árangur

milli árana 2013 og 2014...



Gjaldskrá

Gjaldskrá byggðasamlagsins er endurskoðuð tvisvar á ári og byggjast forsendur breytinga á byggingavísitölu og launavísitölu hverju sinni. Verðskrá nokkurra endurvinnsluefna er endurskoðuð oft og getur tekið breytingum í ljósi gengisþróunar, samnings verða við móttökuaðila og endurgreiðslna Úrvinnslusjóðs.

Stjórn Metan ehf.

Stjórnarmenn í Metan ehf. voru Ómar Stefánsson formaður, Karl Sigurðsson og Margrét Gauja Magnúsdóttir. Hlutfé Metan ehf. þann 31. desember 2014 er 47 milljónir.

Nefndir

Framkvæmdastjóri SORPU bs. á sæti í verkefnisstjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga um úrgangsmál og er formaður verkefnisstjórnar.

Samráðshópur stjórnar SORPU bs. og Samtaka atvinnulífsins

Hópurinn starfar áfram og kemur saman þegar nauðsyn krefur.

Samstarfsverkefni

Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs er samstarfsverkefni SORPU bs., Sorpstöðvar Suðurlands bs., Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. og Sorpurðunar Vesturlands hf. Áætlunin var staðfest af öllum sveitarfélögum á starfssvæði þessara fyrirtækja á árinu 2009 (sjá samlausn.is). Nú er unnið að framkvæmd einstakra þátta þessarar svæðisáætlunar og er samræming á því verki á höndum sérstakrar samráðsnefndar ofangreindra fyrirtækja. Fyrir hönd SORPU bs. sátu í þeirri nefnd árið 2014; Ómar Stefánsson, sem var formaður nefndarinnar, og Páll Hilmarsson, auk þess sem bæði framkvæmdastjóri og yfirverkfræðingur sitja fundi samráðshópsins.

Rekstraráætlun og afskriftir

Tekjuáætlun byggðasamlagsins gerði ráð fyrir móttöku og meðhöndlun hjá SORPU bs. á 152.000 tonnum úrgangs með svipaðri dreifingu á gjaldflokkum og árið 2013. Niðurstöðutala varð 167 þúsund tonn sem er um 9,9% frávik frá áætlun. Móttekið og meðhöndlað magn í Gufunesi var 81.818 tonn og á urðunarstaðnum var samtals tekið við 138.464 tonnum. Framlag fyrir fjármagnsliði og afskriftir var 296,0 m. kr. (245,1 m. kr. árið 2013). Að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða var bókfærður hagnaður 196,6 m. kr. (96,7 m. kr. árið 2013).

Helstu kennitölur úr rekstri SORPU bs.

	2014	2013	2012	2011	2010
Veltufjárhlutfall	2,63	1,99	1,40	1,52	1,46
Eiginfjárhlutfall	58,57%	59,06%	69,11%	68,63%	65,65%
Arðsemi eigin fjár	15,61%	7,84%	1,70%	2,31%	3,29%
Ársverk	94	90	89	89	85

Helstu kennitölur úr rekstri Metans ehf.

	2014	2013
Rekstrartekjur ársins námu	2.566 þ.kr.	369 þ.kr.
Rekstrarniðurstaða var	-349 þ. Kr.	-3.099 þ.kr.
Veltufjárhlutfall	16,4	26,9
Eigið fé sem hlutfall af heildarfjármagni	95,8%	97,7%



góði hirðirinn
hósbónabur ...

Vinsamlegast losið úr plastpokum og öðrum ílátum

10

Garðaúrgangur

Yard Waste

Vinsamlegast losið úr plastpokum og öðrum ílátum

RPA



REKINGARVEFISMAÁLSTA
103 108 REK





GRÆNT BÓKHALD

Umhverfis- og gæðastefna

SORPA starfar í sátt við fólk og umhverfi.

Því munum við:

- Vera traust og leiðandi fyrirtæki á sviði úrgangsstjórnunar.
- Hafa umhverfismál og ánægju viðskiptavina efst í huga.
- Gera fyrirtækið að öruggum og eftirsóknarverðum vinnustað.
- Hámarka endurnotkun og endurvinnslu.
- Draga úr hráefnanotkun og úrgangsmýndun í fyrirtækinu.
- Tryggja stöðugar umbætur og lágmarka umhverfisáhrif.

Með því að:

- Veita góða þjónustu og bjóða vandaðar vörur í sátt við umhverfið.
- Vera í góðum samskiptum við viðskiptavini, starfsmenn, eigendur, samstarfsaðila og aðra hagsmunaaðila.
- Efla jákvæða ímynd og trúverðugleika fyrirtækisins með góðum rekstri, markvissri þjónustu, þrautseigju og frumkvæði.
- Efla umhverfisvitund starfsmanna svo þeir séu góðar fyrirmyndir.
- Afla og miðla þekkingu með fræðslu, nýsköpun og innleiðingu bestu aðferða.
- Nota eins og kostur er innlenda og endurnýjanlega orkugjafa og hvetja þjónustuaðila til þess sama.
- Þekkja og uppfylla kröfur og fylgja vottuðu umhverfis- og gæðastjórnunarkerfi.

SORPA fékk vottun á stjórnkerfi sitt samkvæmt ISO 9001 gæðastaðlinum árið 2011 og samkvæmt ISO 14001 umhverfisstaðlinum í lok árs 2013. Við innleiðingu á ISO 14001 voru þýðingarmiklir umhverfisþættir skilgreindir fyrir SORPU í heild og voru þeir svo útfærðir nánar fyrir hverja starfsstöð ásamt upplýsingum um vöktun og stýringu þeirra. Umhverfis- og gæðakerfið er hluti af daglegum störfum allra starfsmanna sem leggja sig fram við að gera betur í dag en í gær. Þannig tryggjum við stöðugar umbætur í umhverfis- og gæðamálum og leggjum okkur fram við að lágmarka umhverfisáhrif fyrirtækisins. Þýðingarmiklir umhverfisþættir sem SORPA hefur eftirlit og stýringu með eru:

- Úrgangur
- Starfsemi
- Gassöfnun og -hreinsun
- Losun mengunarefna í sigvatn og frárennsli
- Umhverfisfræðsla

Þýðingarmiklir umhverfisþættir

Úrgangur

Heildarmagn úrgangs sem barst til SORPU árið 2014 var 167.132 tonn. Innveginn úrgangur er notaður sem viðmið til þess að reikna umhverfisáhrif SORPU. Einnig er úrgangur frá starfseminni vigtaður.

Með markvissri flokkun er hægt að nýta flestar tegundir úrgangsefna sem hráefni í nýjar vörur og draga þannig einnig úr ágangi á takmarkaðar auðlindir jarðar, s.s. olíu og vatn. Miklir fjármunir sparast einnig með minni sóun og betri nýtingu úrgangsefna.

Ýmsar aðferðir eru til við flokkun, söfnun og úrvinnslu úrgangs en mikilvægt er að leita hagkvæmustu leiða sem taka mið af íslenskum

aðstæðum, henta íbúum og eru einfaldar í framkvæmd. Blátunna og orkutunna eru liður í samræmingu úrgangsstjórnunar á suðvesturlandi og aðferð til að hámarka endurvinnslu á pappa- og pappírsefnum, öllum lífrænum úrgangi og málmum.

Blátunnan stendur öllum íbúum höfuðborgarsvæðisins til boða og í hana má setja allan pappír, sléttan pappa og bylgjupappa. SORPA flokkar bylgjupappann frá í móttöku- og flokkunarstöðinni í Gufunesi til þess að hámarka virði efnisins áður en allt hráefnið er sent til Svíþjóðar til endurvinnslu. Endurvinnsla á hverju tonni af pappír veldur 95% minni loftmengun en frumframleiðsla og sparar orku sem nemur því sem meðalheimili notar á hálfu ári. Gríðarleg vatnsnotkun fylgir einnig frumframleiðslu á pappír og við endurvinnslu á hverju tonni sparast um 26.000 lítrar af vatni.

Orkutunnan er gráa/svarta tunnan fyrir heimilisúrgang. Í hana má setja allan lífrænan úrgang auk málma. SORPA vélflokkar málma frá blönduðum úrgangi í móttöku- og flokkunarstöðinni en lífræni úrgangurinn er urðaður í Álfsnesi þar sem hann nýtist til orkuvinnslu. Með vélflokkun næst um 60% af málmum úr blönduðum heimilisúrgangi en að sjálfsögðu má einnig skila flokkuðum málmum á endurvinnslustöðvar SORPU. Við endurvinnslu á hverju tonni af blönduðum málmum eins og safnast hjá SORPU sparast orka sem nemur ársnotkun fimm heimila af rafmagni og um 100 lítrar af vatni.

Orkutunnan er góður farvegur fyrir lífrænan úrgang því sérsöfnun á þess háttar úrgangi er afar kostnaðarsöm og ávinningurinn óljós. Venjulega nær þannig sérsöfnun auk þess eingöngu til matarleifa, en árleg rannsókn SORPU á samsetningu húsasorps hefur sýnt að í blönduðum heimilisúrgangi er einnig töluvert magn af annars konar lífrænum úrgangi sem hentar ekki til moltugerðar, eins og til dæmis hráu kjöti, stórum beinum, bleium, dömubindum, gæludýraúrgangi og ryksugupokum. Samtals er um 70% af innihaldi orkutunnunnar af lífrænum toga. Þegar lífræna efnið brotnar niður á urðunarstaðnum myndast hauggas og framleiðir SORPA vistvæna ökutækjaeldsneytið metan úr þessu hauggasi. Þannig er hráefnið endurnýtt með lágmarks tilkostnaði. Það er hagkvæmara fyrir samfélagið að setja líf-

Tafla 1. Lykiltölur í umhverfisáhrifum SORPU

Umhverfisþættir	Eining	2014	2013	Breyting
Magn innvegins úrgangs	Tonn	167.132	151.596	10,2%
Orkunotkun	kWst	7.568.071	7.831.836	-3,4%
Fjöldi ársverka	Ársverk	93,92	90,00	4,4%
Fjöldi íbúa	Íbúar	211.010	208.490	1,2%
Orkunotkun/ársverk	kWst/ársverk	80.580	87.020	-7,4%
Orkunotkun/íbúar	kWst/íbúar	35,9	37,6	-4,5%

Tafla 2. Samantekt á magni úrgangs frá SORPU

Úrgangstegund	2014 (kg)	Umhverfisáhrif (kg/ársverk)	2013 (kg)	Umhverfisáhrif (kg/ársverk)
Blandaður heimilisúrgangur	4.292	45,7	7.472	83,0
Blátunnustraumur	1.083	11,5	2.167	24,1
Plastumbúðir	369	3,9	919	10,2
Timbur	11.050	117,7	-	-
Málmar	3	0,0	18.468	205,2
Úrgangur úr olíugildrum/hreinsiþróum	196.836	2.095,8	366.980	4.077,6
Samtals	213.633	2.274,6	396.005	4.400,1

Framleiðsla á nýjum pappír og pappa

úr endurvinnslupappír frá SORPU

sparaði 291 milljón lítra af vatni á árinu 2014

rænan úrgang í orkutunnuna og urða í stað sérsöfnunar í dag, og í gas- og jarðgerðarstöð þegar fram líða stundir.

Undirbúningur að byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar er þegar hafinn og er áætlað að hún opni árið 2017. Gert er ráð fyrir að stöðin komi til með að taka á móti öllum lífrænum heimilisúrgangi sem fer í orkutunnuna, bæði þeim sem hentar til moltugerðar og öðrum. Afrakstur stöðvarinnar verður metan sem mun duga sem eldsneyti á um 8.000 ökutæki og 12.000 tonn af jarðvegsbæti sem nýta má til uppgræðslu lands. Úr plastúrgangi sem hentar ekki til efnisvinnslu, þ.m.t. plasthlutanum úr bleium, verður framleitt brenni. Framleiðsla á hágæða brenni og jarðvegsbæti mun krefjast aukinnar flokkunar og vinnslu á gleri, steinefnum og plastúrgangi og er m.a. í skoðun að setja upp grenndargáma fyrir gler.

Starfsmenn SORPU vilja vera fyrirmynd annarra, þeir flokka og skila á sínum starfsstöðvum og lagt er upp með að vel sé staðið að flokkun innan fyrirtækisins. Á árinu 2014 var heildarmagn úrgangs frá starfsstöðvum SORPU 16.797 kg og úrgangur úr olíugildrum/hreinsiprómi 196.836 kg. Verulega dró úr magni úrgangs frá starfsstöðvum SORPU miðað við fyrra ár og verður áfram unnið að lágmarkun úrgangs innan fyrirtækisins.

Talsvert magn af timbri féll til á endurvinnslustöðvum þegar göngu-rampar úr vörubrettum við pappírs- og plastgáma voru fjarlægðir og nýir steyptri rampar settir upp.

Starfsemi


Starfsemi SORPU er viðamikil og hefur því umtalsverð umhverfisáhrif. Fylgst er með hráefna-, orku- og eldsneytisnotkun og reynt að draga úr notkuninni eins og kostur er.

Notkun hráefna er að mestu notkun stoðefna og jarðvegsdúks á urðunarstað og bindivírs í móttökustöð. Stoðefni eru annars vegar jarðefni (grús/drenmöl og sandur) og hins vegar endurnýting á kurluðum dekkjum og möluðu gleri. Þetta er notað sem stoðefni eða drenefni í reinarbotnum, í vegi og plön innan svæðis á urðunarstaðn-

Tafla 3. Hráefnanotkun hjá SORPU á hvert innvegið tonn úrgangs

Mælieining	Rúmþyngd (kg/m ³)	2014 (kg)	Umhverfis-áhrif (kg/t)	2013 (kg)	Umhverfis-áhrif (kg/t)
Jarðefni	1.700	57.162.500	342,0	82.711.800	545,6
Bindivír		184.200	1,1	137.660	0,9
Kurluð dekk	600	291.600	1,7	1.598.400	10,5
Malað gler	2.200	16.590.200	99,3	4.721.200	31,1
Jarðvegsdúkur (m ²)		0	0,0	320 m ²	0,002 m ² /t

Hráefnanotkun hjá SORPU 2014




Tafla 4. Orku- og vatnsnotkun hjá SORPU (án ökutækjaeldsneytis) á hvert innvegið tonn úrgangs

	2014	Umhverfisáhrif (notkun/t)	2013	Umhverfisáhrif (notkun/t)
Rafmagn (kWh)	3.398.501	20,33 kWh/t	3.375.080	22,26 kWh/t
Heitt vatn (m ³)	39.844	0,24 m ³ /t	41.132	0,27 m ³ /t
Kalt vatn (m ³)	74.958	0,45 m ³ /t	273.908	1,81 m ³ /t

Tafla 5. Eldsneytisnotkun hjá SORPU á hvert innvegið tonn úrgangs

	2014	Umhverfisáhrif (notkun/t)	2013	Umhverfisáhrif (notkun/t)
Bensín (l)	6.953	0,04 l/t	5.551	0,04 l/t
Díselolía (l)	270.353	1,62 l/t	299.693	1,98 l/t
Metan (Nm ³)	12.802	0,08 Nm ³ /t	10.510	0,07 Nm ³ /t

Samtals eldsneytisnotkun 2014



um og/eða í þrýstijöfnunarlag við gassöfnun. Urðunarstaðurinn er nær sjálfbær um undirlagsefni því mikið magn stoðefnis fellur til við undirbúning reinarbotns. Notkun jarðvegsdúks fylgir því hvenær ný rein er tekin í notkun. Magn jarðefna sem þarf við undirbúning reina er einnig breytilegt og fer eftir eðli jarðlaga í nýju reininni.

Orku- og eldsneytisnotkun SORPU er talsverð því stórar vinnuvélar nota mikla orku við úrgangsmeðhöndlun og má þar nefna hakka- vélar, öflugan timburtætara og kröftugar pressur sem ganga fyrir rafmagn. Einnig sinna verktakar akstri og gámaflutningum fyrir SORPU og hefur olíunotkun verktaka verið skráð frá árinu 2013. Tölu- vert magn vatns fer í að halda móttökustöðinni hreinni en yfir 300 tonn af úrgangi fara í gegnum stöðina daglega. Kalt vatn er notað í gashreinsistöðinni í Álfsnesi við hreinsibúnað og sem kælivatn við gaspressurnar.

Gassöfnun og -hreinsun

Meðal umhverfisáhrifa af starfsemi SORPU er losun gróðurhúsaloft- tegunda eins og koltvísýrings (CO₂) og metans (CH₄). Losun gróðurhúsalofttegunda er einkum vegna starfsemi urðunarstaðar- ins en þess ber að geta að allir urðunarstaðir á Íslandi skulu safna og brenna hauggasi samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs og reglugerðum um urðun. Hauggas frá urðunarstöðum er að mestu samsett úr CH₄ (50-60%) ásamt CO₂ (40-50%), auk H₂S, N₂ og O₂ í litlum mæli, en gróðurhúsaáhrif metans eru að minnsta kosti 21 sinnum meiri en gróðurhúsaáhrif koltvísýrings. Með brennslu á metani má því draga verulega úr loftslagsáhrifum metans og enn frekar með hreinsun hauggass í metan og brennslu þess í bíl vél í stað innflutts jarðefnaeldsneytis. Við framleiðslu á eldsneyti úr hauggasi er því verið að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda frá urðunar- staðnum ásamt því að framleiða eldsneyti sem við akstur losar um 113 sinnum minna magn af koltvísýringi heldur en bensín.

Tafla 6. Orkuinnihald

Efni	Rúmpýngd	Orkuinnihald	kg CO ₂ /kg
Bensín	750 kg/m ³	44,3 MJ/kg	3,17
Díselolía	800 kg/m ³	43,0 MJ/kg	3,17
Metan	0,717 kg/m ³	50,0 MJ/kg	2,73
Heitt vatn	1.000 kg/m ³	35 kWh/t	0

Eitt MJ er 3,6 kWh. Reiknað hitafall á heitu vatni er frá 70°C að 40°C. Orkuinnihald á heitu vatni er 4,2 kJ/kg/°C og er $(4,2 \cdot 30) / 3,6 = 35$ kWh í hverju tonni.



Tafla 7. Heildarorkunotkun hjá SORPU á hvert innvegið tonn úrgangs

Mælieining	2014	Orkuinnihald (kWh)	Umhverfisáhrif (kWh/t)	2013	Orkuinnihald (kWh)	Umhverfisáhrif (kWh/t)
Bensín (tonn)	5,2	64.170	0,4	4,2	51.227	0,3
Díselolía (tonn)	216,3	2.583.373	15,5	239,8	2.863.733	18,9
Metan (tonn)	9,2	127.487	0,8	7,4	102.176	0,7
Rafmagn (kWh)	3.398.501	3.398.501	20,3	3.375.080	3.375.080	22,3
Heitt vatn (tonn)	39.844	1.394.540	8,3	41.132	1.439.620	9,5
Samtals		7.568.071	45,3		7.831.836	51,7

Tafla 8. Gróðurhúsalofttegundir frá eldsneytisnotkun á ökutæki SORPU miðað við hvert innvegið tonn úrgangs

Efni	2014 (tonn)	Umhverfisáhrif/innvegið tonn	2013 (tonn)	Umhverfisáhrif/innvegið tonn	Breyting á umhverfisáhrifum/innvegið tonn
Bensín	5,2	0,10 kg CO ₂ /t	4,2	0,09 kg CO ₂ /t	11%
Díselolía	216,3	4,10 kg CO ₂ /t	239,8	5,01 kg CO ₂ /t	-18%
Samtals		4,20 kg CO₂/t		5,10 kg CO₂/t	-18%
Metan	(9,0)*	(0,15)* kg CO ₂ /t	(7,3)*	(0,13)* kg CO ₂ /t	15%

* CO₂ sem verður til við bruna á metani reiknast ekki því ekki er um koltvísýring frá jarðefnaeldsneyti að ræða og eykur bruni þessa metans því ekki magn gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu.

Tafla 9. Magn notað af metani og sparaður útblástur

	2014 (Nm ³)	2014 (tonn)	Gróðurhúsaáhrif án notkunar 2014 (tonn-CO ₂)	2013 (Nm ³)	2013 (tonn)	Gróðurhúsaáhrif án notkunar 2014 (tonn-CO ₂)
Ökutæki	1.917.951	1.375	28.879	1.946.151	1.362	28.608
Alls sparað bensín (l)*	2.148.105			2.179.689		
Alls sparað CO₂			28.879			28.608

* 1,0 Nm³ metan = 1,12 l bensín


Sigvatn og frárennsli

Grunn- og sigvatnsrannsóknir frá Álfsnesi hafa verið gerðar árlega allt frá árinu 1990. Þá voru framkvæmdar viðamiklar mælingar bæði við Álfsnes og Gufunes til að fá sem bestar upplýsingar um svæðin áður en urðunarstaður og móttökustöð voru tekin í notkun. Hefur SORPA ætíð síðan tryggt gott eftirlit með sigvatni frá urðunarstaðnum og að rannsóknir séu framkvæmdar af mikilli fagmennsku.

Niðurstöður allra mælinga hafa verið birtar í ársskýrslum SORPU en Dr. Ásbjörn Einarsson efnaverkfræðingur hefur frá upphafi haldið utan um efnamælingar fyrirtækisins. Reglulega eru gerðar viðameiri rannsóknir á lífríki út af ströndum athafnasvæðis SORPU. Í öllum rannsóknnum sem gerðar hafa verið fyrir SORPU mælast þungmálmur og ólífræn snefilefni undir viðmiðunarmörkum en þessar niðurstöður eru aðgengilegar í ársskýrslum fyrirtækisins í viðauka.

Umhverfisfræðsla

Umhverfisfræðsla á vegum SORPU er jákvæður umhverfisþáttur. Á hverju ári koma tæplega 3.000 einstaklingar á öllum aldri í fræðslu til SORPU, frá leik- og grunnskólum, framhaldsskólum, háskólum og fyrirtækjum. Einnig hafa erlendir háskólanemar heimsótt SORPU og kynnt sér starfsemi. Kynningarnar snúast um fræðslu um úrgangsmál ásamt almennri umhverfisfræðslu. Einnig veita starfsmenn SORPU ráðgjöf til einstaklinga og fyrirtækja í úrgangsmálum. Umhverfis- og fræðsludeild gefur út fræðsluefni í ýmsu formi. Má þar nefna lita- og þrautabækur fyrir börn, flokkunarleiðbeiningar, almanak og margt fleira. Verktakar sem starfa á vegum SORPU fá sérstaka kynningu og hefur verið gefinn út fræðslubæklingur um kröfur til verktaka og þjónustuaðila í umhverfis- og öryggismálum. Þennan bækling fá allir verktakar og þjónustuaðilar sem vinna á vegum fyrirtækisins áður en þeir hefja störf.





SORPA byggðasamlag

Sveitarfélögin sex á höfuðborgarsvæðinu eru eigendur fyrirtækisins sem hefur það hlutverk samkvæmt stofnsamningi að annast meðhöndlun úrgangs sbr. lög nr. 55/2003 fyrir sveitarfélögin. SORPA tryggir íbúum og fyrirtækjum móttöku úrgangs og kemur úrganginum í viðeigandi farveg.

Eignarhlutfall í SORPU miðað við íbúafjöldatölur Hagstofu 31. desember 2014 var sem hér segir: Reykjavík (57,7%), Kópavogur (15,7%), Hafnarfjörður (13,2%), Garðabær (6,9%), Mosfellsbær (4,4%) og Seltjarnarnes (2,1%). Heildaríbúafjöldi á höfuðborgarsvæðinu var 211.010 og um 80.000 heimili.

Starfsleyfi SORPU

Gildistími starfsleyfis SORPU fyrir urðunarstaðinn í Álfsnesi er til 21. ágúst 2030. Starfsleyfi fyrir móttöku- og flokkunarstöð í Gufunesi gildir til 19. febrúar 2025.

Móttökustöð SORPU í Gufunesi

Starfsleyfisveitandi: Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur
Eftirlitsaðili: Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

Urðunarstaður í Álfsnesi

Starfsleyfisveitandi: Umhverfisstofnun.
Eftirlitsaðili: Umhverfisstofnun.

Endurvinnslustöðvar SORPU

Starfsleyfisveitandi: Heilbrigðisnefnd viðkomandi sveitarfélags.
Eftirlitsaðili: Heilbrigðisnefnd viðkomandi sveitarfélags.

Fyrirtækjaflokkur

Fyrirtækið starfar á sviði úrgangsméðhöndlunar og fellur undir flokk 5 samkvæmt fylgiskjali reglugerðar: 5.3. „Stöðvar fyrir förgun úrgangs annars en spilliefna sem geta afkastað meira en 50 tonnum á dag“ og 5.4. „Urðunarstaðir sem taka við meira en 10 tonnum á dag eða geta afkastað meira í heild en 25.000 tonnum af óvirkum úrgangi“.

Stjórn SORPU skipa, sjá kafla um hlutverk SORPU í ársskýrslu.

Bókhaldstímabil

Tímabilið nær yfir allt árið 2014, frá 1. janúar til 31. desember 2014.

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar SORPU bs.

Við höfum endurskoðað skýrslu um grænt bókhald SORPU bs. fyrir árið 2014 en hún hefur að geyma yfirlýsingu stjórnar, yfirlit um orku- og hráefnanotkun ásamt öðrum upplýsingum um hvernig umhverfismálum starfseminnar er háttað. Skýrslan er lögð fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að tölur sem gefnar eru upp í skýrslunni séu réttar og í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum í fjárhagsbókhaldi til að sannreyna að fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum séu í samræmi við skýrslu um grænt bókhald. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að skýrsla um grænt bókhald sé í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins á árinu 2014. Einnig er það álit okkar að aðrar upplýsingar séu rétt fram settar í skýrslunni.

Reykjavík, 10. apríl 2015

Grant Thornton endurskoðun ehf.



Guðrún Torfhildur Gísladóttir
löggitur endurskoðandi


Yfirlýsing stjórnar SORPU

Sem starfsleyfisskyldu fyrirtæki ber SORPU að halda og birta grænt bókhald samkvæmt reglugerð 851/2002 um grænt bókhald.

Grænt bókhald er gefið út í ársskýrslu SORPU og birt á heimasíðu fyrirtækisins, www.sorpa.is.

Stjórn SORPU bs. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með Umhverfisskýrslu 2014, grænt bókhald byggðasamlagsins fyrir árið 2014 með undirskrift sinni.

Í stjórn SORPU bs.



Framkvæmdastjóri SORPU bs.







STARFSSTÖÐVAR

Góði hirðirinn

Verslunin Góði hirðirinn er nytjamarkaður SORPU og líknarfélaga. Markmið Góða hirðisins er að endurnýta og draga úr sóun. Nothæfum og seljanlegum munum, s.s. húsgögnum, raftækjum og smáhlutum, er skilað í nytjagáma á endurvinnslustöðvum og þeir síðan seldir í Góða hirðinum. Þannig nýtast munir aftur hjá nýjum eigendum og allur ágóði af sölu þeirra rennur til góðgerðarmála.

Mikil aukning var á sölu og því magni sem barst til verslunarinnar á árinu ásamt því að kominn var tími á stækkun og endurbætur í versluninni. Því var ráðist í framkvæmdir þar sem verslunarrými og lagerrými var stækkað ásamt skipulagsbreytingum í starfsmannaaðstöðu. Tekið var í gagnið nýtt kassakerfi og var afgreiðslukösum fjölgað. Einnig voru settar upp öryggismyndavélar víða í versluninni. Ekki er öllum breytingum lokið í tengslum við stækkun húsnæðisins en stefnt á að ljúka þeim á komandi ári.

Vinnusemi og dugnaður starfsfólks skilaði Góða hirðinum vottun á stjórnkerfi samkvæmt kröfum umhverfisstaðalsins ISO 14001 í lok ársins. Fyrir hafði Góði hirðirinn hlotið vottun samkvæmt kröfum ISO 9001.



Nytjamarkaður SORPU og líknarfélaga

Góði hirðirinn
úthlutaði styrkjum að upphæð
17.176.600 kr. á árinu til
30 mismunandi aðila.

ÞAU FENGU STYRK
TMF fékk styrk frá SORPU/GÓÐA HIRÐINUM í október 2014.
Við hittum Sigrúnu til að heyra hvernig styrkurinn nýttist þeim.

TMF, sem áður hét Tölvumiðstöð fatlaðra, keypti spjaldtölvu frá Samsung og fartölvu.
„Við veitum ráðgjöf um val á tölvubúnaði, forritum og hjálpartækjum sem nýtast best fyrir hvern og einn og voru tækin okkar löngu orðin úrelt“
segir Sigrún.

Í okkar augum er Sigrún ofurkona. Hún hefur á síðastliðnu ári tekið á móti 1310 einstaklingum sem þjást af lesblindu eða einhverskonar fötlun, ásamt því að halda námskeið í skólum landsins til að kynna þann búnað sem kemur að bestu notum fyrir þennan hóp.

„Allir með lesblindu eða lestrarörðugleika ættu að notfæra sér hjálp talgervlanna Karls og Dóru í forritinu Ivona Reader. Það auðveldar skilning og þroska að lesa samhliða hlustun“. Sigrún bendir á að Hljóðbókasafnið sé með mjög metnaðarfullt úrval raðbóka.

Framkvæmdastjóri Sigrún Jóhannsdóttir og talmeinafræðingur

Við óskum TMF til hamingju með styrkinn og bendum þeim sem óska eftir ráðgjöf að leita til Sigrúnar á netfangið sigrun@tmf.is.

SORPA

LÁGMÖRKUN ÚRGANGS

Tilgangur með rekstri endurvinnslustöðva er að taka við flokkuðum úrgangi til endurnotkunar eða endurnýtingar og jafnframt að taka við öðrum úrgangi sem sorphirða sveitarfélaganna safnar ekki með heimilisúrgangi.

Endurvinnslustöðvarnar eru opnar 354 daga ársins. Þar er tekið við öllum flokkum úrgangs frá heimilum sem nauðsynlegt er að flokka til að ná markmiðum laga og reglugerða um flokkun, endurnotkun eða endurnýtingu. Einnig er tekið við flokkum sem hagkvæmt er að ráðstafa til endurnotkunar og endurnýtingar.

Á endurvinnslustöðvunum er tekið við úrgangi frá rekstraraðilum gegn gjaldi sem nemur raunkostnaði við móttöku og ráðstöfun úrgangsins.

Rekstur

Nú hafa allar starfsstöðvar SORPU fengið umhverfsvottun skv. ISO 14001 staðli. Bættust endurvinnslustöðvarnar og verslun Góða hirðisins í hópinn í lok árs. Hefði það ekki verið gerlegt án góðrar samvinnu starfsfólks og eru stjórnendur óendanlega þakklátir fyrir þá vinnu.

ISO 14001 staðallinn nær yfir stefnumótun, markmiðasetningu, framkvæmd og eftirlit allra umhverfisþátta SORPU og byggir á sama grunni og ISO 9001 gæðastjórnunarstaðallinn sem fyrirtækið fékk vottun samkvæmt árið 2011.

Tekið var upp breytt fyrirkomulag afgreiðslu í júní. Breytingin felst í því að viðskiptavinur er stöðvaður í hliði, farið yfir hvort farmur sé gjaldskyldur og viðskiptavini jafnframt leiðbeint um flokkun þeirra efna sem hann kemur með. Tilgangur þessarar breytingar er að jafna kostnaðarþátttöku viðskiptavina en fyrirtæki og verktakar greiða ekki kostnað vegna úrgangsmeðhöndlunar til sveitarfélaga eins og einstaklingar.

Í Breiðhelli var opnuð vélræn móttaka fyrir skilagjaldsskyldar umbúðir í samstarfi við Endurvinnsluna hf. sambærileg þeirri sem Endurvinnslan hefur verið með í Knarrarvogi og við Dalveg í Kópavogi.

Endurvinnslustöðvar

Af hverju þarf að borga fyrir rusl?
Það kostar að taka við rusli. Kostnaðurinn felst m.a. í gámaleigu, gámaflutningum, eyðingagjöldum og launum starfsmanna.

Rekstur endurvinnslustöðvanna er greiddur af sveitarfélögunum og þeim tekjum sem gjaldskrá greiða heimilin fyrir meðhöndlun á úrgangi sem fellur til við daglegt heimilishald. Fyrir annan úrgang þarf að greiða gjald til að standa undir raunkostnaði við úrgangsmeðhöndlunina. Þar undir fellur t.d. byggingarúrgangur og úrgangur frá bifreiðaviðgerðum.

Fyrirtæki og rekstraraðilar greiða ekki fyrir þjónustu endurvinnslustöðvanna með álögðum gjöldum og greiða því skv. gjaldskrá fyrir þann úrgang sem frá þeim berst.



ENDURNOTKUN

vogi. Viðskiptavinir geta nú komið með gosumbúðirnar sínar óflokkaðar og óbeyglaðar og þurfa ekki lengur að telja þær.

Útboð

Stærstu kostnaðarliðir í rekstri endurvinnslustöðvanna eru boðnir út. Á árinu tók gildi nýr samningur við Efnamóttökuna um ráðstöfun spilliefna frá endurvinnslustöðvunum. Útboð á móttöku raftækja var auglýst í desember og var Efnamóttakan ein um að skila inn tilboði. Niðurstaða útboðsins leiðir til þess að kostnaður sveitarfélaganna vegna raftækja verður enginn þar sem greiðslur fyrir raftækin duga til að greiða allan kostnað við móttöku og flutning á afurðum til ráðstöfunaraðila.

Samningur um þjónustu við grenndargáma var framlengdur meðan undirbúningur fyrir nýtt útboð fer fram.

Tilraunaverkefni í Ánanaustum

Á árinu hófst tilraunaverkefni á endurvinnslustöðinni í Ánanaustum. Á meðan verkefnið stendur yfir verður tekið við öllu plasti, ekki bara umbúðaplasti, eins og núverandi reglur segja til um. Markmiðið er að fá reynslutölur um magn og samsetningu plasts. Niðurstöður um efnissamsetningu ættu að skila áreiðanlegum forsendum til mats á tekjum og kostnaði vegna ráðstöfunar plastefnanna.

Magntölur

Móttekið magn úrgangs á endurvinnslustöðvunum sveiflast milli ára. Árið 2007 voru móttekin yfir 44 þúsund tonn en einungis rúm 28 þúsund tonn árið 2010. Árið 2014 var tekið við tæpum 37 þúsund tonnum sem er aukning frá fyrra ári. Á sama tíma barst minna magn af blönduðum úrgangi frá heimilum. Meira magn fór því til endurvinnslu og minna magn til urðunar.

Nánar má sjá magntölur endurvinnslustöðva og grenndarstöðva í töflum í viðauka.

Dregið úr úrgangi og endurnotkun aukin

Umhverfi og aðstaða endurvinnslustöðvanna er í stöðugri þróun. Framundan eru framkvæmdir sem miða að bættri aðstöðu í Ánanaustum og í Mosfellsbæ en þar eru stækkanir á stöðvunum fyrirhugaðar. Stöðugt er verið að leita leiða til að hækka endurvinnsluhlutfall þess efnis sem berst inn á stöðvarnar. Í dag er það 70% og eru góðar líkur á að hægt verði að hækka þá tölu. Sérstakur fókus verður á að finna nýjar leiðir til að draga úr úrgangi og auka endurnotkun hluta. Unnið verður áfram með að gera kostnaðarþátttöku réttlátari, þar sem rekstaraðilar greiða í auknu mæli raunkostnað fyrir þjónustu endurvinnslustöðvanna, sem á endanum leiðir til lækkaðra útgjalda heimilanna.



Endurvinnsla á einni plastflösku sparar orku sem dugir til að knýja 60 W peru í sex klst.

ENDURVINNSLA



Grenndarstöðvar

Grenndargámar fyrir pappír og plast er að finna á 83 stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Þar stendur heimilum til boða að skila flokkuðum pappír og plasti. Á mörgum grenndarstöðvum hefur einnig verið komið fyrir gámum sem taka við fötum og skilagjaldsskyldum umbúðum.

Glerumbúðir í grenndargáma

Undirbúningur fyrir nýtt útböð grenndargámanna hefur staðið í nokkurn tíma. Helsta breytingin sem er að vænta er að inn á grenndarstöðvarnar bætast gámar fyrir glerumbúðir en í nokkrum sveitarfélögum mun pappírsgámurinn víkja þar sem hirða á pappír fer fram við hvert heimili. Grenndarstöðvarnar hafa verið að sækja í sig veðrið og mun framvegis vera hægt að flokka þar pappír, plast, gler, fatnað og skilagjaldsskyldar umbúðir. Flokkafjöldinn verður eitt-hvað breytilegur milli staða, fleiri flokkar þar sem meira magns er að vænta. Grenndarstöðvarnar hafa sannað sig sem ódýr og skilvirk þjónusta fyrir þau heimili sem flokka.



Móttöku- og flokkunarstöðin

Til móttöku- og flokkunarstöðvar SORPU í Gufunesi berst úrgangur frá heimilum og rekstraraðilum, frá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og af suðurlandi. Tekið er við flokkuðum úrgangi sem sendur er til endurvinnslu og óflokkuðum úrgangi sem er urðaður.

Öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og á suðurlandi eru með söfnun á pappírsefnum, svokölluðu blátunnuefni. Magn blátunnuefnis hefur aukist jafnt og þétt og þurfti því að efla flokkunarbúnaðinn til að hann flokki bylgjupappann betur frá öðru pappírsefni og með meiri afköstum. Plast frá heimilum og rekstraraðilum hefur einnig aukist jafnt og þétt og er því þó nokkur aukning í endurvinnsluefnum sem SORPA sendir frá sér.

Ólitað timbur sem kemur til SORPU jókst á árinu. Það er kurlað og sent til Elkem á Grundartanga þar sem það er nýtt sem kolefnisgjafi. Sú breyting varð á árinu að ELKEM tekur við efninu við verksmiðjudyf og sér um flutning á því til Grundartanga en SORPA sá áður um þann flutning.

Rekstur

Sami verktaki hefur séð um alla vélavinnu í stöðinni undanfarin ár en á árinu var tekin ákvörðun um að fara í forval fyrir nýtt útboð. Fá tilboð bærust enda aðeins um tveggja ára samning að ræða. Hætt var við útboðið og tekin ákvörðun um að starfsmenn SORPU muni sjá um vélavinnuna og tekur það verklag gildi á árinu 2015.

Flutningur bagga frá móttökustöð og að urðunarstað var boðinn út, ásamt leigu á gámum, og voru þau tilboð í skoðun um áramót.

Endurvinnsla á
3.400 tonnnum af
blönduðum málm
sem SORPA safnaði
á árinu 2014
sparaði...



...orku sem nemur
ársnotkun um 17.000
heimila af rafmagni

...340.000 lítra
af vatni



Urðunarstaðurinn Álfsnesi

Urðunarstaður höfuðborgarsvæðisins er í Álfsnesi, tæpa 20 kílómetra frá móttöku- og flokkunarstöð SORPU í Gufunesi. Þangað eru flutt, á lokuðum vögnum, um 300 tonn á dag af böggðuðum heimilis- og rekstrarúrgangi og um 150 tonn af öðrum úrgangi. Allur úrgangur sem tekið var við í Álfsnesi árið 2014 var færður yfir vigt, sjónskoðaður og skráður samkvæmt vörunúmerakerfi SORPU. Magn úrgangs er að finna í magntölum aftar í skýrslunni.

Endurvinnsla

Í Álfsnesi er töluverð endurvinnsla, svo sem á dekkjakurli, garðaúrgangi, gleri, hrossataði, litaðri timburflís og steinefni. Sumt efni er notað við urðunina, við vegagerð eða við gerð urðunarreina í stað jarðefna sem annars væru flutt að, t.d. gler og steinefni. Skipting urðunar og endurvinnslu í Álfsnesi er að finna í magntölum í viðauka.

Stefna fyrirtækisins er að minnka lífrænan úrgang sem fer til urðunar og auka hlutfall endurnýtingar.

Gasvinnsla

Í sorphaugum myndast hauggas þegar náttúrulegar bakteríur brjóta niður lífrænt efni. Hauggas er blanda af koltvísýringi (CO_2 , um 44%) og metani (CH_4 , um 53%) ásamt öðrum gastegundum í litlum mæli, svo sem brennisteinsvetni og köfnunarefnissamböndum. Metanið í hauggasinu er orkuríkt, en einnig áhrifaríkt gróðurhúsalofttegund, um 21 sinni áhrifameiri en koltvísýringur. Hauggasinu í Álfsnesi er safnað

með borun í hauginn. Á árinu voru 8 gasholur tengdar safnæðakerfinu og um mitt ár var fyrirtækið ReSource International ráðið sem ráðgjafi við mælingar og eftirlit vegna söfnunar hauggassins. Tekinn var í notkun gasgreinir (GC-tæki) sem mælir efnainnihald framleiðslugassins (ökutækjaeldsneytisins) á tíu mínútna fresti.

Gashreinsistöðin var ATEX-vottuð á haustmánuðum og verið er að vinna áhættumat á afhendingaröryggi á hreinsuðu hauggasi frá Álfsnesi.

Metanframleiðslan var tæpar 2 milljónir rúmmetra og minnkaði örlítið frá fyrra ári. Afkastageta haugs og hreinsistöðvar er ekki fullnýtt og því gætu fleiri hagnýtt sér metan sem orkugjafa í stað innflutts eldsneytis. Miðað er við að afkastageta haugsins verði fullnýtt á árinu 2016 og að fyrirhuguð gas- og jarðgerðarstöð geti aukið framboð af metani í takt við aukna eftirspurn.

Mengunarmælingar og eftirlit með urðunarstað

Samkvæmt mælingum er mengun sigvatns frá urðunarstaðnum í Álfsnesi innan viðmiðunargilda, en búist er við að lífrænt efni í sigvatni aukist í kjölfar breyttrar móttöku á lífrænum úrgangi. Í viðauka aftar í skýrslunni er samantekt allra efnamælinga ársins 2014. Samkvæmt starfsleyfi skal hafa eftirlit með vargfugli á urðunarstað og eyða fugli. Meindýraeyðir sér um að halda fjölda fugla í skefjum á tímabilinu maí – september. Hægt er að sjá fjölda skotinna fugla í viðauka aftar í skýrslunni.

Lyktarverkefni

Vegna þróunar íbúabyggðar í nágrenni urðunarstaðarins í Álfsnesi var lögð áhersla á að draga úr dreifingu lyktarefna af urðunarstaðnum

og bætt verklag þróað. Nýtt verklag miðar við að stjórna betur hvað berst af lyktarsterkum úrgangi inn á urðunarstaðinn, breyta móttöku á þessum úrgangi, breyta tilhögun urðunar á böggðuðum úrgangi og að úða lyktarhamlandi efnum á úrganginn að staðaldri. Yfir sumartímann er unnið að lyktarvörnum alla daga.

Móttaka á lífrænum úrgangi

Samkvæmt eigendasamkomulagi SORPU frá því í október 2013 var hætt að taka við óþvegnum ristarúrgangi og seyru í byrjun árs. Einnig urðu verulegar framfarir við móttöku lyktarsterks úrgangs þegar yfirbyggð og loftskipt móttaka fyrir úrganginn var tekin í notkun. Annað verkefni sem tilgreint er í eigendasamkomulagi SORPU er bygging gas- og jarðgerðarstöðvar, sem gæti svarað kröfum um að draga úr urðun lífræns úrgangs eigi síðar en á árinu 2017, en í millitíðinni verður dregið hratt úr urðun á lífrænum úrgangi.

Verktakar

Samningur við HJ-bíla, sem er verktaki sem sér bæði um sorpmóttöku og urðun í Álfsnesi, var framlengdur en sorpmóttaka gekk vel á árinu. Ræktunarsamband Flóa og Skeiða sá um borun og frágang gashola sem skila þegar ágætu hauggasi til hreinsunar í ökutækjaldsneyti.

Önnur verkefni

Lítill eftirspurn reyndist eftir moltu á árinu 2014 og var mikið af hráefni til moltugerðar nýtt sem síuefni til lyktareyðingar, en einnig tekið til hliðar til síðari nota. Veðurfar var þannig að loka þurfti fyrir móttöku bagga í 94 klukkustundir eða sem jafngildir um 15 vinnudögum eða 3,4% af áætluðum opnunartíma ársins.

Unnið var að undirbúningi rannsóknaraðstöðu fyrir mælingar á lífrænum efnum og vann einn meistaranemi í umhverfisfræðum að því lungann úr árinu.



Metan sem unnið er á urðunarstað SORPU nýtist sem eldsneyti á 1432 bíla.

Samanlagt menga þeir á við 13 bíla knúða bensíni.

Sparaður útblástur frá samgöngum vegna notkunar metans árið 2014 var 29.000 tonn af CO₂.





SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

SORPA starfar í sátt við fólk og umhverfi og hefur alltaf lagt ríka áherslu á samfélagslega ábyrgð og að stuðla að sjálfbærum gildum sem víðast í samfélaginu. Fyrirtækið skilgreinir samfélagslega ábyrgð sína út frá fjórum meginþáttum; umhverfi og lífríki, vellíðan starfsmanna, viðskiptavinum og velferð samfélagsins í heild.

Umhverfi og lífríki

Lágmörkun úrgangs er eitt af leiðarljósum fyrirtækisins og hefur SORPA látið útbúa margnota innkaupapoka undanfarin ár. Þeir hafa verið gefnir íbúum til að sporna við aukinni plastpökunotkun. Innkaupapokarnir hafa vakið mikla lukku meðal fólks og vill SORPA með þessu framtaki hvetja íbúa á höfuðborgarsvæðinu til að draga úr notkun einnota plastpoka. Einnig hefur SORPA látið framleiða endurvinnslupoka (flokknarpoka) sem hafa verið gefnir á endurvinnslustöðvunum. Með pokanum er auðveldara að flokka og skila af sér endurvinnslufni.

Starfsemi SORPU er viðamikil og hefur því eðlilega einhver umhverfisáhrif. Fylgst er með hráefna-, orku- og eldsneytisnotkun og reynt að draga úr notkuninni eins og kostur er. Árlega eru framkvæmdar mælingar á grunn- og sigvatni frá urðunarstaðnum og reglulega eru gerðar viðameiri rannsóknir á lífríki út af ströndum athafnasvæðis SORPU. Um það má lesa nánar í grænu bókhaldi framar í ársskýrslunni og í viðauka.

Vellíðan starfsmanna

Mannauðurinn er mikilvægasta auðlind fyrirtækis og með öflugum starfsmannahópi hefur SORPU tekist að vera leiðandi fyrirtæki í úrgangsmálum og þróun á nýjum tæknilausnum.

SORPA hvetur starfsfólk sitt til að auka við þekkingu sína og færni með því að bjóða upp á fjölbreytt námskeið. Starfsfólk er jafnframt hvatt til að sýna frumkvæði í eigin þekkingaröflun og menntun. Boðið er uppá nýliðafræðslu hjá fyrirtækinu þar sem nýliðum eru kynntar

mismunandi deildir fyrirtækisins og starfsemi þeirra. Hlutverk nýliðafræðslunnar er að auðvelda nýliðum að aðlagast starfinu og nýjum starfshópi.

Stjórnendur leggja ríka áherslu á að SORPA sé í fararbroddi hvað varðar öflun þekkingar, miðlunar, nýsköpunar og innleiðingu á bestu aðferðum í endurnýtingu úrgangs. Stjórnendur telja ábyrgð fyrirtækisins mikla á landsvísi þar sem yfir 64% íbúa Íslands búa á þjónustusvæði þess.

Mikilvægt er að starfsfólki líði sem best bæði í starfi og einkalífi og því hvetur fyrirtækið til heilbrigðs lífsstíls. Boðið er uppá árlegar heilsufarsskoðanir og bólusetningar ásamt því að gefa möguleika á hollum mat á vinnutíma. Veittur er líkamsræktarstyrkur til þeirra sem stunda einhverskonar heilsurækt og samgöngustyrkur til þeirra sem notast við umhverfisvænar samgöngur í og úr vinnu.

Annað hvert ár eru haldnir liðsheildardagar fyrir starfsfólk til að efla starfsandann, auka traust, skilning og samheldni milli starfsfélaga. Tekinn er hálfur dagur þar sem unnið er að því að leysa fjörug og skemmtileg verkefni utan vinnustaðarins. Upplifun af þessu tagi skilur eftir sig góðar og eftirminnilegar stundir og gerir starfsfólki kleift að tengjast á nýjan hátt utan vinnunnar.

Annað skemmtilegt verkefni sem SORPA tók þátt í á árinu var verkefnið Geðveik jól, sem snýst um að efla geðheilsuna á vinnustaðnum. SORPA tók þátt ásamt sjö öðrum fyrirtækjum og fólst verkefnið í því að framleiða tónlistarmyndband við jólalag og safna fjármunum til styrktar góðu málefni. Starfsmenn komu saman að þessu stórskemmtilega verkefni og hafnaði SORPA í öðru sæti ásamt því að safna rúmlega ellefuhundruð þúsund krónum til styrktar Reykjadal.

Í júní fékk SORPA Jafnlaunavottun VR og hefur þá fengið staðfestingu á því að búið sé að kerfisbinda launaákvæðanir og að fyrirtækið sé með jafnlaunakerfi samkvæmt kröfum ÍST 85. Það mun nú sem áður tryggja að starfsfólk sem vinnur sömu eða jafn verðmæt störf sé ekki mismunað í launum.

100
starfsmenn í
94 stöðugildum



Góði hirðirinn
20

Meðalstarfsaldur
6,7 ár

Móttökustöðin
í Gufunesi
22

Endurvinnslustöðvar
33

Þróunar- og
tæknideild
14

Umhverfis- og
fræðsludeild
4

Fjármáladeild
7



62%
nýta sér
heilsufars-
mælingar

89%
eru í starfs-
mannafélaginu



25%
nýta samgöngustyrk
vegna vistvæns ferðamáta

43%
nýta líkamsræktarstyrk



Viðskiptavinir

Lögð er áhersla á að fræðsla og menntun sem fyrirtækið býður starfsfólki sínu upp á skili árangri og efla bæði starfsfólk og starfsemi fyrirtækisins. Starfsfólk SORPU leggur metnað sinn í að veita viðskiptavinum góða þjónustu, leiðbeina um endurvinnslu og flokkun úrgangs og taka virkan þátt í þróun nýrra leiða til að endurbæta starfsemi fyrirtækisins.

SORPA býður fyrirtækjum upp á ráðgjöf í úrgangsmálum til að auðvelda þeim að draga úr úrgangi, flokka hráefni í réttan farveg og draga úr kostnaði vegna úrgangsmeðhöndlunar en greitt er fyrir skil á ákveðnum flokkum.

SORPA gefur út bæklinga og ýmiskonar fræðsluefni fyrir skóla, heimili og fyrirtæki um úrgangsmál. Heimasíða SORPU er fyrst og fremst hugsuð sem upplýsingamiðill um starfsemi fyrirtækisins og til að svara þeim spurningum sem vakna í hugum almennings um þjónustuna. Á heimasíðunni er að finna einfalt og skilvirkt ábendinga- og fyrirspurnarkerfi sem starfsmenn umhverfis- og fræðsludeildar fara í gegnum og svara. Eru íbúar hvattir til þess að nýta sér þetta kerfi til að koma ábendingum áfram til fyrirtækisins.

Velferð samfélagsins

SORPA er ábyrgt fyrirtæki sem leggur áherslu á að vinna í átt að aukinni umhverfisvitund með skipulagðri fræðslu og með því að stuðla að lágmarkun úrgangs og aukinni endurnýtingu.

